



VÍKINGdeildin 2023

Reglur og framkvæmd

1. gr - Almennt

Golfklúbbur Mosfellsbæjar stendur fyrir VÍKINGdeildinni, innanfélags liðakeppni. Í VÍKING deildinni er leikið á báðum vallarsvæðum og eru umferðir leiknar í heild sinni á hvoru vallarsvæði í fyrirfram skipulögðum leikvikum.

Leiknar verða tvær leikvikur í riðlakeppni á Hlíðavelli og ein í Bakkakoti. Í úrslitum fara síðan 8 liða úrslit fram fram í Bakkakoti, undanúrslit og úrslit á Hlíðavelli.

Þátttökugjald í VÍKING deildinni er 20.000 kr á hvert lið og er innheimt við skráningu.

2. gr – Liðafjöldi og skipulag

Alls eru 16 lið sem geta verið með en leikið verður í 4 liða riðlum þar sem allir leika við alla. Þegar úrslit í riðlum liggja fyrir verður leikið til úrslita með útsláttarfyrirkomulagi. Efstu 2 liðin í hverjum riðli komast áfram í 8 liða úrslit. Liðum er raðað handahófskennt niður í riðla.

3. gr - Leikfyrirkomulag

Í hverri umferð er leikinn 1 fjórmenningur og tveir tvímenningar með forgjöf. Karlar leika á gulum teig og konur á rauðum.

Hver leikur gefur eitt stig. Ef leikir í riðlakeppninni eru jafnir eftir 18 holur skal leik hætt og hvort liðið fær hálf stig.

Í útsláttarkeppni skal leika alla leiki til úrslita nema ef úrslit leiksins liggja fyrir, þá teljast jafnir leikir eftir 18 holur helmingaðir. Allir bráðabana eru leiknir með forgjöf og eiga lið forgjöf á sömu holur og í hefðbundnum leik.

Úrslit í riðlakeppni ráðast af fjölda þeirra stiga sem lið hljóta í keppninni. Verði sveitir jafnar að stigum ræður innbyrðis leikur. Ef enn er jafnt ræður fjöldi unninna fjór- og tvímenninga röð. Ef ekki fást úrslit eins og að framan greinir skal leika bráðabana frá 1. braut um röð. Hvert lið teflir fram einu fjórmenningliði. Bráðabani er leikinn með forgjöf.

4. gr – Leikvikur og rástímar

Búið er að skipuleggja leikvikur fyrir allar umferðir. Rástímum hefur verið úthlutað innan leikvikna fyrir alla leiki út alla keppnina. Nauðsynlegt er að fyrirliðar beggja liða staðfesti leiktímann sín á milli.

Ef leiktíminn gengur ekki þurfa lið að koma sér saman um nýjan leiktíma. Breytingar á leiktíma þarf að tilkynna á golfmos@golfmos.is með að minnsta kosti 4 daga fyrirvara fyrir settan leikdag. Nýr leiktími skal vera innan við sjö daga frá settum leikdegi, engar undantekningar eru gefnar frá því. Geti annað liðið ekki mætt til leiks innan þess tímaramma sem gefin er verður því liði dæmdur 0 - 3 ósigur. Geti hvorugt liðið spilað innan þess tímaramma sem gefinn er, þá fer leikurinn 0 – 0 og fá liðin því engin stig fyrir umferðina.

Ekki er heimilt að slíta í sundur leiki heldur skal leika alla leiki á sama degi, bæði fjórmennings- og tvímenningsleiki.

5. gr – Liðsskipan

Hvert lið getur verið skipað allt að 8 leikmönnum. Lágmarksfjöldi í liði er 5 leikmenn. Í hverjum leik spila 4 leikmenn og er liðsskipan leiksins tilkynnt á leikdegi áður en leikur hefst.

Fyrirliði skal fylla út þar tilgert eyðublað sem er til taks í afgreiðslum á báðum vallasvæðum. Áður en leikur hefst skiptast fyrirliðar á eyðublöðum og þá er ljóst hverjir leika gegn hverjum.

6. gr – Útreikningur forgjafar

Í VÍKINGdeildinni er leikin holukeppni með forgjöf. Hámarksleikforgjöf er 24 fyrir karla og 28 fyrir konur.

Í tvímenningsleikjum er forgjöf mismunur á leikforgjöf keppenda.

Dæmi: Leikmaður A fær 12 í vallarforgjöf og leikmaður B fær 16. Mismunurinn er 4 og fær því leikmaður B forgjöf á 4 erfiðustu holur vallarins.

Í fjórmenningsleikjum er fyrst fundið meðaltal leikforgjafar liðsfélaga. Forgjöf leiksins er síðan fundin út með mismun á meðaltals leikforgjöf liðanna.

Dæmi: Liðsfélagarnir A og B eru með 12 og 10 í vallarforgjöf. Þeir eru því með 11 í meðalvallarforgjöf. Þeir eru að spila í fjórmennning gegn C og D. C er með 5 í forgjöf og D er með 15. Þeir eru því með 10 í meðalvallarforgjöf. A og B fá því 1 í forgjöf á erfiðustu holu vallarins.

7. gr – Skil á úrslitum

Að leik loknum er úrslitum skilað rafrænt með því að fylla inn eyðublað sem finna má á þessari slóð - <https://goo.gl/forms/UtNcmbWKmh2NmZdH2>

Það er á ábyrgð fyrirliða sigurliðs hvers leiks að úrslitum sé skilað.